
F U N D A R G E R Ð

Fundur:	89. fundur Starfshóps um rekstrartruflanir.
Fundartími:	Fimmtudagur 4. maí 2006, kl. 13:00-14:40
Fundarstaður:	Landsnet, stjórnstöð Bústaðavegi
Fundarefni:	1) Gögn ársins 2005. 2) Nordel gögn. 3) Stuðlar ársins 2005 og birting á skýrslu. 4) Skráningarkerfi, reynsla af nýrri útgáfu og aðgreining á LN truflunum. 5) Kostnaður vegna skorts. 6) Önnur mál.

Á fundinn mættu:

START:

Nils Gústavsson
Steingrímur Jónsson
Kristín Haralda Cecildóttir
Gunnar Haukur Gunnarsson
Jón Vilhjálmsson
Páll Magnússon
Egill Sigmundsson
Sigfús Guðlaugsson
Ólafur Pálsson
Rúnar S. Svavarsson
Jakob Ólafsson/Ragnar Emilsson

Verkfræðistofan Afl:

Landsnet:

Fjarverandi:

- 1) JV sagði hafa fengið síðustu gögn vegna ársins 2005 í vikunni svo árið á að vera frágengið. SJ sagði að það gæti verið að það vantaði eitthvað smávægilegt inn í gögnin hjá Rarik en það mun þá koma með gögnum næsta árs. KHC sagði að það tæki sinn tíma að ganga frá gögnunum svo reynsla hennar væri að gögn Orkuveitu Reykjavíkur væru ekki tilbúin fyrr en í lok apríl.
- 2) JV fór yfir niðurstöðu Nordel samantektar. Ákveðið var að taka Nesjavallalínu með í tölum um umfang kerfisins en hún hefur ekki verið með hingað til þar sem hún hefur ekki verið inni í skráningunni hjá Orkuveitu Reykjavíkur. JV var falið að ganga frá gögnunum og senda til Jörgens.
- 3) JV sagðist vera búinn að reikna alla stuðlana fyrir árið 2005 og hefði hann einnig gert tillögu að markmiðum fyrir dreifiveiturnar til að senda til Orkustofnunar. Hann sagði

að útreikningur stuðla væri kominn inn í skráningarkerfið en eitt vandamál er til staðar en það er að dreifiveiturnar eru að skrá inn gögn fyrir Landsnet og þau ekki aðgreind sérstaklega. JV var falið að koma með tillögu að merkingu færslna sem tilheyra Landsneti og að síðan yrði þeim færslum sleppt þegar stuðlar eru reiknaðir. Ákveðið var að uppfæra skýrslu um stuðla með nýjum gögnum og nota þá núverandi skipulag kerfisins (Landsnet og dreifiveitur). Samþykkt var að birta skýrsluna á heimasíðu nefndarinnar og að hafa hana opna öllum.

- 4) Ákveðið var að láta stuðla taka einungis mið af kerfi viðkomandi veitu og sleppa því þeim skýrslum sem eru merktar Landsneti sbr. lið 3). Þetta er smávægileg viðbót við skráningarkerfið. Engar aðrar athugasemdir komu við skráningarkerfið.
- 5) JV sagðist ekki vera búinn að koma með tillögu eða einfaldari framsetningu á kostnaði vegna skorts eins og honum var falið á síðasta fundi. Hann ætlar að senda slíka tillögu fljótlega á fundarmenn.
- 6) PM nefndi tvö dæmi um skráningu flókinna truflana og farið var yfir hvernig skrá ætti þau dæmi.

Fleira ekki gert. Næsti fundur ákveðinn í október 2006.

Jón Vilhjálmsson